

Læsisstefna leikskólans Kópahvols 2018-2020

Stefna Kópavogsbæjar um mál og lestur

Þann 26.maí 2015 skrifuðu bæjarstjóri Kópavogs, fulltrúi foreldra í Kópavogi og Menntamálaráðherra undir þjóðarsáttmála um læsi, þar sem menntamálayfirvöld og sveitarfélagið einsetja sér að bæta læsi barna í Kópavogi.

Sjá læsisstefnu: <https://www.kopavogur.is/static/files/Menntasvid/lestarstefnan14februar.pdf>

Leikskólinn Kópahvoll setur sér stefnu um málþroska, lestur og lesskilning í samræmi við Lög um leikskóla nr.90/2008, Aðalnámskrá leikskóla 2011 og stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur.

Læsisstefnan á að vera þvert á allt faglegt starfi í leikskólanum

Starfshættir leikskólans stuðla að fjölbreyttu og hvetjandi umhverfi sem eflir áhuga barnanna á læsi og bæti árangur í málþroska og lesskilningi. Notaðar eru fjölbreyttar og skapandi kennsluáðferðir sem stuðla að jákvæðu viðhorfi til læsis, auka færni og gefa börnum færi á að tjá sig á margvíslegan hátt.

Nýta skal hvert tækifæri til samræðna t.d. í leik úti og inni, við matarborðið, í fataherbergi og við skiptiborðið, setja orð á alla hluti og athafnir. Lestur á hverjum degi í litlum hópum gefur svigrúm til samræðulesturs og gæðastundar í málörvun.

Hlutverk kennara

- Vera góð málfyrirmynd, tala skýra og rétta íslensku og nota fjölbreyttan orðaforða.
- Nota opnar spurningar svo barnið þurfi að tjá sig með setningum.
- Hlusta á börnin, grípa ekki fram í fyrir þeim eða svara fyrir þau.
- Ýta undir og styðja við málnotkun barnanna.
- Lesa vandaðar bækur miðað við aldur og þroska barnanna.
- Útskýra orð sem börnin þekkja ekki.
- Lesa, segja og spinna sögur.
- Hvetja börnin til að tjá tilfinningar og líðan, heilsa, kveðja og þakka fyrir sig.
- Hvetja börn og fullorðna til að setja orð á hluti og daglegar athafnir.
- Hvetja alla starfsmenn til að sækja sér endurmenntun og/eða kynna sér nýjungar í starfi, t.d. rannsóknir eða nýjungar hvað varðar kennsluæfni.
- Kynna sér nýtt kennsluæfni sem stuðlar að læsi.
- Upplýsa börnin fyrirfram hvað á að gera í daglegu starfi.
- Miðla hugmyndum og styðja samstarfsmenn.
- Hvetja starfsmenn til að prófa sig áfram með mismunandi kennsluáðferðir og nýjungar í starfi.
- Nýta sjónrænt skipulag með börnunum.

Aðgengi að efnivið og þekkingu

- Allur efniviður sé aðgengilegur og merktur í þeirra hæð.
- Samræma leturgerð í leikskólanum.
- Stafrófið sé sýnilegt á öllum deildum.
- Hólfín merkt með nafni barns.

- Verk barnanna séu merkt með nafni og dagsetningu.
- Myndir notaðar til auðkenningar á hlutum, ásamt nafni hlutarins.
- Bækur séu aðgengilegar inná öllum deildum.
- Nýta bókakost leikskólans.
- Starfsmenn hafi góðan aðgang að efnivið sem nauðsynlegur er .
- Ritföng séu aðgengileg.
- Nýta spjaldtölvur í starfi með börnunum og vanda val á verkefnum.
- Nýta bókasafn Kópavogs.

Börn með íslensku sem annað tungumál

Útbúa á móttökuáætlun fyrir börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál. Að hausti verða settir saman hópar þar sem sérstök áhersla er lögð á málörvun í frjálsum leik og spilum.

Notkun spjaldtölva í málörvun

Mikilvægt er að nýta sér fjölbreytt og gott efni sem er í boði í gegnum spjaldtölvu. Bæta á spjaldtölvu kost skólans úr einni í tvær á deild.

Læsi í daglegu leikskólastarfi

Fataherbergi

- ✓ Hafa fá börn í einu.
- ✓ Gefa hverju barni góðan tíma.
- ✓ Auðga málið með því að leika með íslenskuna. Hafa gaman.
- ✓ Tala um hlutina um leið og við framkvæmum þá.

Matmálstímar

- Kenna almenna borðsiði – vera góð fyrirmynd.
- Æfa sig í að segja já takk og nei takk.
- Hvetja börnin til að biðja um aðstoð með orðum.
- Hvetja börnin til að hjálpast að og rétta hvort öðru.
- Æfa börnin í að bíða eftir að röðin komi að þeim.
- Spjalla saman, rifja upp daginn, helgina eða það sem er áhugavert hverju sinni.

Hópastarf

- Sjálfmyndir. Hvað heitir þú? Hvenær áttu afmæli? Hvað heita foreldrar þínir? Hvar áttu heima?
- Hugtök, liti og form.
- Læsisvika á haustönn. Dagur íslenskrar tungu, samstarf við Bókasafn Kópavogs.
- Stærðfræðivika á vorönn.
- Lubbi finnur málbein, þar sem kennd eru íslensku máhljóðin.
- Vináttuverkefni Barnaheilla um Blæ þar sem verið er að vinna með góð samskipti og jákvæð viðhorf. Þar tjá börnin sig um umburðalyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki.
- Skapandi starf af fjölbreyttum toga.
- Farið í vettvangsferðir.

Samverustundir og hvíldarstundir/jógastundir

Í samveru- og hvíldarstundum gefst tækifæri á að bjóða upp á margvíslegt efni. Söng, ný og gömul lög, þulur og ljóð, lesa sögur, bjóða upp á umræður um Lubba og Blæ og það sem er áhugavert hverju sinni. Þar er einnig hægt að bjóða upp á samræðulestur um efni bóka og inntak allt eftir aldri og þroska barnanna.

Í hvíldarstundum/jógastundum gefst mjög gott tækifæri til málörvunar sem og að efla líkamsvitund barna, þar sem kennari og börn setja orð á allar athafnir.

Einnig er myndræn hugleiðsluaðferð notuð þar sem farið er í gegnum öndun og slökun sem hjálpa börnum til að bæta líkamlega og andlega líðan í leik og starfi.

Barnabókmenntir

- Notast við samræðulistina.
- Skoða bók áður en hún er lesin.
- Lesa vandaðar bækur.
- Lesa bundið mál.
- Lesa í minni hópum.
- Lesa framhaldssögur fyrir eldri börnin.
- Börnin mega koma með bækur að heiman.
- Nota fræðandi bækur sem hægt er að túlka og ræða.

Söngur og kveðskapur

- Hafa fjölbreytt lagaval.
- Túlka og ræða texta.
- Gera texta myndræna.
- Þulur og vísur. Nýta íslenska arfinn.
- Ríma og klappa orð.

Snemmtæk íhlutun

Haustið 2017 hófst þróunarverkefni sem nefnist Snemmtæk íhlutun þar sem sérstök áhersla er á málþroska og undirbúning undir lestur, Ásthildur Snorradóttir stýrir verkefninu. Markmið verkefnisins er að öll börn í leikskólum Kópavogs nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti og undirbúning fyrir lestur. Lögð verður áhersla á að hvert barn fái íhlutun og kennslu við hæfi. Frá hausti 2018 hefur verið ráðin verkefnastjóri fyrir hönd leikskólans Kópahvols sem kemur til með að halda utan um verkefnið í leikskólanum og vera tengiliður við Ásthildi Snorradóttur og aðra leikskóla. Allar deildir leikskólans verða með Lubba- og Blæstundir og mun verkefnastóri veita kennurum stuðning við skipulagningu málörvunarstunda. Í lok verkefnisins mun leikskólinn vera tilbúin með handbók fyrir snemmtæka íhlutun og móttökuáætlun fyrir börn sem eru tvítyngd og fjöltyngd.

Samvinna við foreldra um mál og lestur

Samvinna við aðra er til góðs fyrir alla og verða þeir sem taka þátt fróðari fyrir vikið. Gott upplýsingastreymi bætir samstarf allra aðila ásamt því að gera þá að þátttakendum í starfi leikskólans. Þátttaka foreldra skiptir miklu máli.

- Vanda dagleg samskipti.
- Senda foreldrum reglulega tölvupóst um verkefni deildarinnar.
- Skrifa á töflur við deildir það sem gert hefur verið hvern dag.

- Segja foreldrum frá starfinu í daglegum samskiptum eins og hægt er.
- Upplýsingar settar á heimasíðu leikskólans.
- Foreldrar hvattir til að lesa fyrir börnin heima.
- Læsisáætlun – heimaverkefni fyrir foreldra og börn.

Samvinna leik- og grunnskóla

- Samvinna er við 7.bekkinga úr Kópavogsskóla á degi Íslenskrar tungu.
- Samstarf er við Kópavogsskóla um heimsóknir milli leik- og grunnskóla.
- Börnin fara í sögustundir í bókasafn og heimsóknir í lista- og menningarhús.

Mat og eftirlit

Í leikskólanum eru ýmsar skimanir notaðar til að skoða stöðu barna. Markmiðið er að sjá framfarir í daglegu starfi og grípa til viðeigandi ráðstafana ef þurfa þykir.

Foreldrar eru upplýstir um framgöngu barnsins síns í foreldraviðtölum. Rætt er um úrræði, hvað foreldrar geta gert og hvaða aðstoð er hægt að sækja. Höfð er samvinna við talmeinafræðing hjá Kópavogsbæ ef þörf er á.

HLJÓM 2 - 5 ára börnin fara í Hljóm - 2 skimun að hausti sem kannar hljóðkerfisvitund. Ef ástæða þykir þá er hljómskimunin gerð aftur um miðjan vetur, eftir æfingar bæði í skólanum og heima. Upplýsingum um framfarir og stöðu barns í málþroska er miðlað með skipulögðum hætti til grunnskólans. Kennarar leikskólans nýta sér niðurstöður Hljóms 2 til aðgerðaráætlunar fyrir málrækt.

TRAS er skráningarlisti fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

ORÐASKIL er málþroskaskimun sem byggir á orðaforða gátlista fyrir börn á aldrinum eins og háls til þriggja ára. Skimuninni er ætlað að mæla orðaforða barna og einnig hvort þau hafa náð valdi á beygingakerfi og setningagerð málsins. Orðaskil byggir einnig á að foreldrar fylli út orðaforða gátlistann.